

AUÐVELDUM ENDURKOMU TIL VINNU

Afmælisráðstefna VIRK í Hörpu 31. maí



# Atvinnutenging VIRK



Jónína Waagfjörð  
Sviðsstjóri – Ráðgjöf og atvinnutenging

# Yfirlit

- Þróun atvinnutengingar hjá VIRK
- Atvinnutenging VIRK
  - hvernig hefur gengið?
- Hvað hindrar þátttöku á vinnumarkaði?
  - Vinnuveitendur
  - Einstaklingar með skert starfsgeta
- Framtíðin atvinnutengingar hjá VIRK
  - Stigvaxandi endurkoma til vinnu
  - Starfsendurhæfing samhliða vinnu
- VIRKt fyrirtæki




# Vinnan er úrræði

- Það er vel þekkt að **vinnan er góð** fyrir heilsuna og vellíðan
- Atvinnuleysi getur **valdið slæmri** heilsu og ójöfnuði
- Árangursrík endurkoma til vinnu getur **flýtt fyrir bata** og komið í veg fyrir ýmsa fylgikvilla sem fylgja atvinnuleysi



## Framfærsla einstaklinga við lok þjónustu og við 6 og 12 mánaða eftirfylgd sett fram sem hlutfall stöðugilda



# IPS - Individual placement and support

## Þróunarverkefnið hjá VIRK



- IPS Þróunarverkefnið var samstarfsverkefni milli VIRK og LSH og byrjaði **haustið 2012**
  - I – Einstaklingurinn í öndvegi
  - P – Staðsetja og þjálfra (Place and Train)
  - S – Stuðningur
- Fyrsti **atvinnulífstengilinn** ráðinn haustið **2013**
- Seinna komu Kleppur og geðteymi heilsugæslunnar bæði Austu og Vestur inn í verkefnið
- Í framhaldinu voru fleiri **IPS** – atvinnulífstenglar ráðnir og voru á tímabili 4 slíkir tengdir verkefninu
- Á fyrstu 6 árunum þá urðu til **yfir 100 störf**



# Þróun atvinnutengingar hjá VIRK



- Undirbúningur fyrir þróunarverkefnið „**Aukin atvinnutenging í starfsendurhæfingu**“ 2015/2016
- Byggðum á **IPS - hugmyndafræðinni**
- Frá byrjun þá var lögð áhersla á **tengingar við fyrirtæki** – undirskrift **samstarfssamnings** án skuldbindingar
- **Fyrsti** atvinnulífstengillinn byrjuðu 2016/2017
- Í dag eru **11 atvinnulífstenglar** tengdir VIRK atvinnutengingu – 3 af þeim staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins



# Aukin atvinnutenging í starfsendurhæfingu

## *Megin áherslur*

- Aðstoða **einstaklinga með skerta starfsgetu** við endurkomu inn á vinnumarkaðinn eftir starfsendurhæfingu með markvissum stuðningi

## *Markmið*

- Tryggja einstaklingum í starfsendurhæfingu **farsæla endurkomu** til vinnu
- Markviss **aðlögun** í starfi eigi sér stað **samhliða** starfsendurhæfingu
- Auka þekkingu á **mikilvægi tengsla** vinnustaðar og starfsendurhæfingar
- Auka **fræðslu og stuðning** við vinnustaðinn sem auðveldar endurkomu til vinnu

# Aukin atvinnutenging í starfsendurhæfingu

- **Áhersla á samstarfssamninga** við fyrirtæki í byrjun þróunarverkefnis




- Færðum **atvinnutenginguna inn** í starfsendurhæfingarferilinn
  - Byrjuðum að **tengja einstaklinginn** við vinnu áður en starfsendurhæfingu lauk
  - Aðgengi að **þverfaglegu teymi** sjúkráðgjafara, iðjupjálfa, lækna, sálfræðinga og félagsráðgjafa

➔ **Vinnan er úrræði** – einstaklingar hafa **ekki lokið** starfsendurhæfingu þegar þeir tengjast atvinnulífstengli



# Hvað mun VIRK gera?

- **Útvegar starfsmann** með þekkingu og reynslu
- Vinna **virkniaætlun** með einstaklingi og vinnustað sem tekur mið af verkefnum, vinnuferlum og vinnutíma
- **Eftirfylgni** með einstaklingi inni á vinnustað í samráði við stjórnendur/vinnustað
- Aðstoðar við **úrlausn vandamála** og hindrana í endurkomuferlinu
- **Fræðsla og ráðgjöf** fyrir stjórnendur og samstarfsmenn



# Hver er ávinningur fyrirtækja?



- **Stytttri veikindafjarvera** hjá starfsmönnum
- **Þekking** starfsfólks helst innan vinnustaðarins
- Skýrir og **samræmdir vinnuferlar** um endurkomu til vinnu
- **Aðgengi að sérfræðingum** í starfsendurhæfingu
- Bætt ímynd sem endurspeglar **samfélagslega ábyrgð**

# Störfin

- Öryggisvörður
- Bókhald
- Bókavörður
- Aðstoðarmaður deildarstjóra
- Grunnskólakennari
- Hjúkrunarfræðingur
- Gæðastjóri
- Verslunarstjóri
- Rafvirki
- Fjármálafulltrúi
- Móttökuritari
- Bílstjóri á hópferðabíl

# Vinnustaðirnir



# VIRK Atvinnutenging ..... í dag

- Frá 2017 – 2022 hafa atvinnulífstenglar VIRK fundið

**1.216 störf**


- Í upplýsingakerfi VIRK eru nú skráðir

**1.603 vinnustaðir**

- Í dag eru undirritaðir

**361 samstarfssamningur**


## Íslensk atvinnugreinaflokkun - ÍSAT



# VIRK Atvinnutenging – Störfin 2022


## Hlutfallsleg skipting starfa eftir starfsgreinum

Einstaklingar sem luku þjónustu hjá atvinnulífstenglum í starfi árið 2022




## Hlutfallsleg skipting starfa eftir starfshlutfalli

Einstaklingar sem luku þjónustu hjá atvinnulífstenglum 2020, 2021 og 2022



## Framfærslustaða við lok þjónustu - Laun á vinnumarkaði

*Sýnt sem hlutfall stöðugilda*





# Atvinnulífstenglar VIRK







# Vinnuveitendur – skert starfsgeta

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að:

- Vinnuveitendum finnst mikilvægt að:
  - starfsmaðurinn **hafi þekkinguna** sem þarf til að sinna starfinu
  - hafa **góðar upplýsingar** um starfsmanninn og hans hindranir/fötlun og möguleg áhrif á getur þeirra á framkvæmd starfsins
  - hafa **góð og stöðug samskipti** við sérfræðinga/atvinnulífstengla til að leita eftir aðstoð
- Vinnuveitendur
  - eru oft ekki meðvitaðir um hverjar **þarfir starfsmannsins** eru og hvernig þeir geta **komið til móts** við þá til að auðvelda þeim endurkomu til vinnu
  - haf áhyggjur af **hversu mikið** þeir geta unnið og **gæðum** vinnunnar
  - óttast að þeir séu **lítið sveigjanlegir** og með **mikla fjarveru**


# Hvað hindrar þátttöku á vinnumarkaði?

- **Rannsókn** á vegum Velferðarráðuneytisins
- **Styðjandi og hindrandi þættir** fyrir atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu út frá **sjónarmiðum atvinnurekenda og einstaklinga** með skerta starfsgetu
- **Rafræn spurningakönnun** framkvæmd júní – september 2018
- Um **600 fyrirtæki svöruðu** könnuninni – 45% svarhlutfall
- Rúmlega **600 einstaklingar** með skerta starfsgetu svöruðu könnuninni – 40,5%



# Niðurstöður - Atvinnurekendur

## Reynsla af ráðningum starfsfólks með skerta starfsgetu




Mynd 1

## Að hvaða leiti var reynslan góð?



Mynd 2

# Hvað er það sem helst hindrar vinnustaðinn í að ráða fólk með skerta starfsgetu til vinnu?



## Kostir við að ráða fólk með skerta starfsgetu




Mynd 5

# Niðurstöður - Atvinnurekendur

- Fyrirtæki **með reynslu** að því að hafa einstaklinga með skerta starfsgetu í vinnu **eru líklegri** til að vilja ráða slíka starfsmenn aftur
- **Hvernig vinnustaðir** voru líklegri til að segjast geta fjölgað hlutastörfum?
  - Vinnustaðir með **fleiri en 70 starfsmann**
  - Vinnustaðir í **opinbera geiranum og sjálfseignastofnanir/félagasamtök**
  - Vinnustaðir með **mjög góða eða frekar góða reynslu** af því að ráða starfsfólk með skerta starfsgetu
- Hvernig vinnustaðir voru líklegri til að **svara neitandi** hvað varðar fjölgun hlutastarfa?
  - Vinnustaðir sem **ekki höfðu reynslu** af því að ráða starfsmenn með skerta starfsgetu




# Hvað er mikilvægast að sé til staðar á vinnustað þínum til að styðja við atvinnuþátttöku þína?




# Hversu mikið eða lítið hafa eftirfarandi þættir hindrað þig í að taka skrefið út í nám eða vinnu?

Fæ ekki tækifæri til að aðlagast starfi á mínum hraða



Ótti við að standa mig ekki í nýju starfi eða námi



■ Hindrar mjög lítið
 ■ Hindrar frekar lítið
 ■ Hindrar frekar mikið
 ■ Hindrar mjög mikið



# Framtíð Atvinnutengingar VIRK



- Rannsóknir í dag eru að leggja áherslu á að starfsmenn **fari ekki alveg af vinnumarkaðinum** þegar um veikindi er að ræða
- Hér er ekki átt við alvarlega sjúkdóma þar sem starfsmenn þurfa að fara tímabundið af vinnumarkaðinum
- Vinnustaðurinn er góður vettvangur **fyrir endurhæfingu** t.d. fyrir einstaklinga með **verki** og getur verið forsenda þess að verkir minnki eða hverfi
- Starfsmönnum í **hinum Norðurlöndunum** stendur til boða að taka hlutveikindi samhliða hlutastarfi
- Rannsóknir sýna að aukin notkun hlutaveikinda samhliða hlutastörfum tengist **aukinni atvinnuþátttöku, minni nýtingu á bótum og minna atvinnuleysi**



# Stigvaxandi endurkoma til vinnu


- Starfsmenn geta snúið aftur til vinnu í **skertu starfshlutfalli** eða starfsskyldum þegar þeir eru ekki alveg tilbúnir að koma til baka í fulla vinnu
- Starfsmenn geta snúið aftur til vinnu á **öruggan hátt og fyrr** en annars væri mögulegt
- Byggir upp **líkamlega og/eða andlega** getu starfsmanna til að stjórna verkefnum
- Hjálpar starfsmönnum að **viðhalda starfsvenjum** eins og t.d. að vakna á morgnanna og fara í vinnu, samskipti við samstarfsmenn og halda í við **breytingar og þróun** sem á sér stað inni á vinnustöðum



# Starfsendurhæfing samhliða vinnu



- Fyrir starfsmenn með **versnandi starfshæfni vegna heilsubrests**
- Starfmaður fer **aldrei alveg frá** vinnustaðnum þó að um heilsubrest sé að ræða heldur er reynt að **aðlaga starfið** að getu starfsmanns yfir ákveðinn tíma ( yfir 6 – 8 mánuði)
- Um að ræða **starfsendurhæfingu samhliða vinnu** í skertu starfshlutfalli á móti veikindafjarveru/hlutaveikindum
- **Atvinnulífstengill og ráðgjafi VIRK** mjög mikilvægur í þessu ferli
- **Útbúin virkniáætlun** í samráði við einstakling og yfirmann á vinnustað þar sem tekið er tillit til getu og þarfa beggja  
→ **stigvaxandi endurkoma** í fyrra starfshlutfall
- **Atvinnulífstengill** fylgir starfsmanni eftir inni á vinnustað



# VIRKt fyrirtæki 2023



- Atvinnutenging VIRK er í **samstarfi** við hundruð fyrirtækja og stofnana
- Gott samstarf við fyrirtæki er **grundvöllur** farsællar atvinnutengingar
- Á ársfundi VIRK í ár var í fyrsta sinn veitt viðurkenning til fyrirtækja sem **skarað höfðu framúr** í samstarfi við VIRK
- **13 fyrirtæki** voru tilnefnd sem VIRKt fyrirtæki 2023
- Fyrirtæki sem sinna samstarfinu **sérlega vel** og sýna **samfélagslega ábyrgð**
- **Össur og Vista verkfræðistofu** fengu viðurkenninguna VIRKt fyrirtæki 2023

## TILNEFND SEM VIRKT FYRIRTÆKI 2023

- A4
- BL
- Heilbrigðisstofnun Norðurlands - Húsavík
- Heilbrigðisstofnun Suðurlands - Selfossi
- Heilsuvernd hjúkrunarheimili ehf. - Akureyri
- Hrafnista - Sléttuvegi/Laugarási/ Reykjanesbæ
- iClean
- Símsstöðin
- Torg
- Veðurstofa Íslands
- Vista verkfræðistofa
- Þjónustukjarninn Suðurgötu, Reykjanesbær
- Össur





# Reynslan af samstarfi við Atvinnutengingu VIRK



## SÍMSTÖÐIN

Reynsla okkar af samstarfi með atvinnutengingu VIRK er mjög góð. Þeir aðilar sem hafa mætt til starfa hjá okkur í gegnum VIRK hafa verið meira en tilbúnir í að taka fyrsta skref endurkomu á atvinnumarkað. Auk þess er um að ræða virkilega hæft fólk og reglusamt. Starf hjá okkur hentar vel VIRK þar sem starfsmenn geta byrjað á lágu starfshlutfalli og auka svo við sig jafnt og þétt.

## HRAFNISTA REYKJANESBÆ

Það er frábært samstarf við atvinnutengingu hjá Virk. Þarna höfum við tækifæri til að aðstoða fólk við að komast aftur út á vinnumarkaðinn, þarna er einnig kjörið tækifæri fyrir vinnustaði til að kynna sína starfsemi fyrir samfélaginu. Ef fyrirtæki eru með margvíslega starfsemi þá er svo auðvelt að reyna að finna hvað gæti hentað best fyrir hvern og einn einstakling þar sem við erum jú öll einstök.

## ÖSSUR


Starfsemin sem rekin er hjá VIRK er ótrúlega flott. Að koma fólki á þennan hátt aftur á skrið á vinnumarkaðinum og í lífinu. Það er afskaplega gott að geta tekið þátt í þessu – það gefur manni gott í hjartað þegar maður veit að maður er að hjálpa og maður finnur gleðina hjá fólki yfir því að komast aftur á vinnumarkaðinn. Maður finnur og veit að starfsviljinn er svo sannarlega til staðar.



**VISTA Verkfræðistofa**  
Heiðar Karlsson, framkvæmdarstjóri









VINNUM SAMAN! – TAKK FYRIR!  **VIRK**

